

## Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýravelferð

Velferð dýra (bann við blóðmerahaldi) 15. mál, lagafrumvarp 152. löggjafarþing 2021–2022.

Frumvarpið er endurflutt, sjá 543. mál á 151. þingi - velferð dýra.

Sendandi: Rósa Líf Darradóttir, læknir, hestakona og hrossaræktandi.

Sæviðarsund 27, 104 Reykjavík

**Undirrituð styður frumvarp þess efnis að blóðmerahald verði með öllu bannað.**

### 1. Magn og tíðni blóðtöku

Fyrirtækið Ísteka birti á síðu sinni myndband þann 24/09/21. Myndbandið átti að gefa til kynna hvernig blóðtaka úr fylfullum hryssum færi fram. Þar var tekið fram að 1 blóðeining er fjarlægð í hvert skipti eða 5 lítrar við hverja blóðtöku. Blóðtakan sjálf er varla sýnd.

Því hefur verið haldið fram í umræðunni varðandi blóðmerar að heildarblóðmagn íslenska hestsins sé 35- 37 lítrar. Það stangaðist á við öll þau vísindagögn sem ég aflaði mér þar sem að allar vísindarannsóknir komu heim og saman um að blóðmagn íslenska hestsins er 24.5- 30 lítrar. Því hefur blóðmagn íslenska hestsins verið ofmetið.

*‘Áratuga reynsla og margítrekaðar rannsóknir á hryssunum hafa sýnt fram á að blóðgjafirnar hafa engin neikvæð áhrif á heilsu þeirra. Þær þyngjast eðlilega og blóðgildi þeirra eru í jafnvægi yfir blóðgjafatímabilið. Fyl þeirra þroskast eðlilega og folöldin þeirra stækka eins og önnur folöld.’*

Þessi frasi hefur fengið að lifa alltof lengi án þess að eiga við nokkur rök að styðjast. Hann hefur gjarnan verið notaður til varnar iðnaðnum. Hef ég leitað eftir þessum rannsóknum hjá þeim einstaklingum sem nota frasan og enginn hefur getað bent mér á nokkuð slíkt. Ég hef kallað eftir þessum gögnum hjá MAST síðan 23.nóvember sl. og ennþá engin svör fengið. MAST hefur komið því fram í fjölmiðlum að hafa gögn um blóðgildi hryssana undir höndum en einhverra hluta vegna ekki gert þau opinber. Ísteka skýlir sér bakvið eina gamla rannsókn frá 1982. Ísteka birti á vef sínum ómarktækt línurit út frá blóðgildum meranna við blóðtöku, ekki er tekið fram fjöldi mera. Það eru þá þessar “margítrekuðu rannsóknir” þegar uppi er staðið.

Töluvert er til af vísindarannsóknum og vísindagögnum um velferðarmörk hrossa m.t.t. blóðtaps. Þau gögn slá öll í takt um þessi mörk, þ.e að hægt er að fjarlægja 7.5% af heildarblóði vikulega og 10% af heildarblóði mánaðarlega án þess að raska lífeðlisfræðilegu jafnvægi í líkama hrossa. Þar kemur einnig fram að ef fjarlægja þurfi 10% af heildarblóðmagn er rétt að bæta hrossunum upp það vökvatap með vökvagjöf í æð. Einnig að ef 15% af heildarblóðmagni hrossa er fjarlæggt er hætta á blæðingarlosti. Við blóðtökuna er 15-20% af heildarblóði fjarlæggt vikulega, allt að 8 sinnum í röð. Ætla má að það sé erfitt fyrir fylfulla og mjólkandi meri að vinna upp

Þetta blóðtap, einmitt á þeim tíma sem hún þarf að vera auka blóðrúmmál sitt vegna meðgöngu. Blóðtaka hérlendis er langt yfir heilsusamlegum mörkum hesta. Ég lýsi yfir furðu minni að enginn dýralæknir sem starfað hefur hjá MAST eða Ísteka í tengslum við blóðtökuna hafi ekki ennþá gert athugasemd um blóðmagnið sem tekið er hvert sinn. Það lítur allt út fyrir það að þeir dýralæknar hafi ekki einu sinni haft fyrir því að kynna sér blóðmagn íslenska hestsins. Það eru óásættanleg vinnubrögð.

## 2. PMSG

Pregnant mare serum gonadotropin eða equine chorionic gonadotropin (eCG) er hormónið sem unnið er úr blóði hryssanna. Það er notað sem frjósemislyf erlendis fyrir búfenað eins og svín, nautgripi, kindur og geitur. Það veldur því að tími á milli gangmála styttest t.d hjá gylltum og fjöldi grísa í hverju goti eykst. Með notkun efnisins er kjötframleiðslugeta gylltunnar hámarks. Þetta hefur auðvitað efnahagslegan ávinnig fyrir þá sem standa að framleiðslunni en á kostnað velferðar dýranna. Meðalfjöldi grísa í goti er 17.5 og gylltan er með 10- 14 spena. Skv. danskri grein var grísadauði 23.2% í tengslum við fjölda grísa í goti árið 2019. Því má segja að efni sem unnið er úr blóði hryssa á Íslandi sé þáttur í þeirri gríðarlegu þjáningu sem dýr í þaueldi þurfa að upplifa.

## 3. Siðferði

Dr.Svanur Sigurbjörnsson, sérfræðingur í lyflækningum og með meistargráðu í hagnýtri siðfræði færir fram góð rök fyrir því hvers vegna stöðva ætti blóðmeraiðnaðurinn í siðferðislegu tilliti í grein sinni – “Um siðferði blóðmerahalds”. Hann bendir á að til er lyfjafræðilegur valkostur (cloprostenol) fyrir þau not sem eCG hefur. Efnahagslegur ávinningur réttlætir ekki starfsemi sem kerfislægt og endurtekið veldur þjáningu og líklega heilsuleysi dýra. Tek ég undir með honum heilshugar.

Dýralæknirinn Ingunn Reynisdóttir hefur skrifað opinberlega um málið. Í skrifum hennar – “Í þágu hestsins” færir hún fram sannfærandi rök að merarnar upplifi svokallað lært hjálparleysi við blóðtökuna. Merarnar sem eru upp til hópa lítið tamdar eru mýldar, höfuðið er hengt upp í þvingaða stöðu og notast er við bakstrekki svo merin getur með engu móti komist undan þeim aðstæðum sem hún er í. Varast ber að túlka lært hjálparleysi sem merki um tamningu.

## 4. Ótrúverðugar staðhæfingar framkvæmdarstjóra Ísteka

Framkvæmdarstjóri Ísteka hefur m.a. fullyrt í skrifum sínum að afurðin sem unnin er í Ísteka sé notuð til að sporna við útdauða villtra dýra (t.d nashyrninga, tígrisdýra svo eitthvað sé nefnt). Hann heldur því einnig fram að með notkun frjósemislyfsins eCG sé hægt að stuðla að minnkuðu kolefnaspori og með eCG sé hægt að draga úr sýklalyfjanotkun. Engar heimildir eða gögn fylgja þessum fullyrðingum. Þéttari svínabú = minnkuð notkun sýklalyfja er formúla sem gengur ekki upp. Hann reynir að einangra vandan við örfáa bændur þegar hann svarar fyrir það dýranið sem sést í myndabandi sem dýravelferðarsamtökin AWF/TSB gáfu út. Hann fullyrðir að um undantekningu sé að ræða. Staðreyndin er sú að vandinn er kerfislægur og blóðtakan með þeim hætti sem hún er framkvæmd í dag er í hvert einasta skipti dýranið. Ísteka og Mast bera hér ábyrgðina hér, þar sem

blóðmerabændur hafa unnið undir þeirra handleiðslu. Tekið skal fram að ekki skal gera lítið úr þeirri búbot sem bændur hafa haft af iðnaðinum og eðlilegt væri að styðja við þá á meðan þeir fóta sig frá þessari iðju.

## 5. Eftirlit

Því mikla eftirliti sem lofað var að hálfu MAST og Ísteka hefur nú sýnt augljósan skort á skilvirkni sinni. Ljóst er að ógerlegt er fyrir MAST að sinna eftirliti blóðmeraiðnarins. Mælingar á blóðrauða og blóðkornahlutfalli á einungis hlutfalli hryssanna annað hvert ár er með öllu ófullnægjandi eftirlit með blóðhag hryssanna. Það að dýralæknar MAST hafi ekki gert athugasemd við það blóðmagn sem fjarlægt er í hvert sinn er mér óskiljanlegt og sýnir það gott dæmi um vanvirkni stofnunarinnar.

## 6. Ímynd Íslands

Miklum fjárhæðum hefur verið eytt í að byggja upp ímynd íslenska hestsins á erlendri grundu. Það er ljóst umfjöllun blóðmeraiðnaðarins hérlendis hefur neikvæð áhrif á þessa ímynd. Þingmenn ættu að athuga það að hávaðinn varðandi iðnaðinn er ekki tímabundinn hérlendis. Ef blóðmerahald verður ekki bannað mun það vekja athygli á heimsvísu.

Evrópuþingið hefur nú þegar lýst yfir andstöðu gegn viðskiptum með PMSG með miklum meirihluta atkvæða. Vert er að nefna að blóðmerahald er bannað í flestum ríkjum vegna dýravelferðarsjónarmiða.

## 7. Blóðmeraiðnaðurinn brýtur lög

Samkvæmt lögum um velferð dýra 2013 nr. 55 þar er skýrt tekið fram að markmið laga þessara er að stuðla að velferð dýra, þ.e. að þau séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, **ótta og þjáningu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma**, í ljósi þess að dýr eru skyni gæddar verur.

Í reglugerð um velferð hrossa 910/2014 er tekið fram að tilgangur reglugerðarinnar er að tryggja velferð og heilbrigði hrossa með góðri meðferð, umsjá og aðbúnaði. Leitast skal við að hross geti lifað í samræmi við sitt eðlilega atferli eins og framast er kostur og í 9. grein er tekið fram að **óheimilt er að þvinga hross** í höfuðburð með búnaði sem gefur ekki eftir eða að **uppgefa hross með bindingum eða öðrum þvingunum**.

13. grein hljóðar svo: Við sársaukafulla aðgerð skal ávallt deyfa eða svæfa hross og veita því verkjastillandi meðferð. **Ekki má framkvæma aðgerðir á hrossum, þ. á m. á tönnum þeirra, án læknisfræðilegrar ástæðu**. Þó er heimilt að eyrnamarka hross, gelda hesta og fjarlægja úlfstennur að uppfylltum ákvæðum 1. mgr.

Blóðmeriðnaðurinn brýtur gegn þessum lögum.

Því fer ég þess á leit við stjórnvöld á Íslandi að þau banni blóðmerahald og framleiðslu PMSG hér á landi.

Virðingarfyllst,

Rósa Líf Darradóttir M.D.

## Greinar:

Grein mín - Blóðmerahald – Hvað segja vísindin? <https://www.visir.is/g/20212196811d>

Grein eftir Dr. Svan Sigurbjörnsson - Um siðferði blóðmerahalds  
<https://www.visir.is/g/20212202715d/um-sidferdi-blodmerahalds>

Grein um málið frá óháðum dýralæknum sem hafa áratugareynslu af íslenska hestinum:  
<https://www.visir.is/g/20222205974d/a-lits-gerd-um-heildar-blod-magn-is-lenska-hestsins-magn-og-tidni-blod-toku-og-mogu-leg-a-hrif-hennar-a-fyl-fullar-hryssur-ut-fra-sjonar-midum-dyra-laekna-visinda-og-dyra-verndar>

Dönsk grein um grísadauða: [https://www.dr.dk/nyheder/indland/knap-hver-fjerde-flaeskesteg-ender-aldrig-paa-julebordet-28000-pattegrise-doer-hver?fbclid=IwAR3NLQJv61uSFM5lic2obJc4DilRAsF6HZpaH-NJYQvBn0lihoUM\\_QPcm18](https://www.dr.dk/nyheder/indland/knap-hver-fjerde-flaeskesteg-ender-aldrig-paa-julebordet-28000-pattegrise-doer-hver?fbclid=IwAR3NLQJv61uSFM5lic2obJc4DilRAsF6HZpaH-NJYQvBn0lihoUM_QPcm18)

## Heimildir:

Recommendations for Ensuring Good Welfare of Horses Used for Industrial Blood, Serum, or Urine Production . Xavier Manteca Vilanova, Bonnie Beaver, Mette Uldahl, and Patricia V. Turner . Animals 2021,11,1466.

Horse Welfare During Equine Chorionic Gonadotropin (eCG) Production Xavier Manteca Vilanova, Nancy De Briyne , Bonnie Beaver and Patricia V. Turner. Animals 2019,9,1053.

A good practice guide to the administration of substances and removal of blood, including routes and volumes. Karl-Heinz Diehl, Robin Hull, David Morton, Rudolf Pfister, Yvon Rabemampianina, David Smith, Jean-Marc Vidal, Cor Van De Vorstenbosch Applied toxicology vol 21, 2001.

Equine welfare C. Wayne McIlwraith and Bernard E. Rollin, Wiley-Blackwell. UFAW

Cardiovascular, Haematological and Biochemical Responses After Large Volume Blood Collection in Horses: n: Malikides, J.L.Hodgson, R.J. Rose, D.R. Hodgson. The veterinary journal 2001,162

Haematological responses of repeated large volume blood collection in the horse. N.Malakides, P.J Mollison, S.W.J. Reid and M. Murray. Research in veterinary science 2000,68

[https://ouv.vt.edu/content/dam/ouv\\_vt\\_edu/sops/large-animal/sop-equine-blood-collection.pdf?fbclid=IwAR03tozLakzCfdh0zQeu7dNYsz8qtv4HhBhkqUzILw55ZvhHD-I5n3ZL3I8](https://ouv.vt.edu/content/dam/ouv_vt_edu/sops/large-animal/sop-equine-blood-collection.pdf?fbclid=IwAR03tozLakzCfdh0zQeu7dNYsz8qtv4HhBhkqUzILw55ZvhHD-I5n3ZL3I8)

<https://www.nc3rs.org.uk/blood-sample-volumes?fbclid=IwAR3Odk0qeQXcgL0aRe9sRoHrSFTQvVzkX4W8fBWBPlcR00omvPPs101fQM4>

